

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS  
FJÖLRIT NR. 48

# Kolgrafafjörður

Rannsóknir á flóru og gróðri

Þóra Ellen Þórhallsdóttir

Unnið fyrir Vegagerð ríkisins

Reykjavík, desember 1999

## Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur	3
Staðhættir	3
Framkvæmd	4
Niðurstöður	4
Leið 1	4
1.1. Frá Hjarðarbólsodda að Vindási	5
Lýsing	
Samantekt	
1.2. Frá Berserkseyri að Kolgrafaodda	8
Lýsing	
Samantekt	
Leið 2	10
Lýsing	
Samantekt	
Leið 3	12
Lýsing	
Samantekt	
Ályktanir	13
Heimildir	14
Kort Vegagerðarinnar af leiðunum þremur	15
Tafla 1.	16

## Inngangur

Líffræðistofnun Háskólans tók að sér rannsóknir á flóru og gróðri við fyrirhugaðar veglínur í Kolgrafafirði fyrir Vegagerð ríkisins með verksamningi frá 8. júlí 1999. Gagnasöfnun fór fram dagana 17. – 19. júlí 1999.

Til athugunar voru þrjár tillögur um breytingu á núverandi þjóðvegi. Leið 1 felur í sér mesta breytingu en með henni flyst þjóðvegurinn út fjörðinn vestanverðan og yrði gerð uppfylling og brú sem tengir veginn yfir fjörðinn milli Hjarðarbólsodda og Kolgrafaodda. Vegurinn heldur síðan áfram til austurs og inn á núverandi veg við Berserkseyri. Hinar tvær leiðirnar fela hins vegar í sér litlar breytingar. Á leið 3 er löguð beygja í fjarðarbotninum austanmegin og veginum hnikað til í Hrafnkelsstaðabotni. Leið 2 liggur þar samsíða leið 3 en fer innarlega yfir sjálfan fjörðinn og styttir núverandi þjóðveg nokkuð (sjá kort 1, bls. 15).

Ofangreindar þrjár veglínur voru gengnar og háplöntutegundir skráðar og gróðurlendum lýst. Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðunum og reynt að leggja mat á flóru og tegundafjölbreytni svæðanna, fjölbreytni gróðurlenda og verndargildi þeirra.

## Staðhættir

Kolgrafafjörður er norðanmegin á Snæfellsnesi, milli Grundarfjarðar að vestan og Hraunsfjarðar að austan. Hann snýr mót norðri og er lokaður af til suðurs af allt að 600 m háum og víðast hvar hömróttum og hrikalegum fjöllum. Tveir bæir eru í byggð í firðinum, Eiði að vestanverðu og landnámsjörðin Kolgrafir gegnt Eiði að austanverðu. Bærinn Berserkseyri ytri stendur við mynni Hraunsfjarðar en tún bæjarins eru að að mestu vestur frá bænum og fer ein af þremur hugsanlegum leiðum yfir land Berserkseyrar.

Þrjú eyðibýli eru í firðinum (Einar Haukur Kristjánsson 1986). Hjarðarból stóð utarlega í firðinum vestanverðum, undir Klakki, og við það er Hjarðarbólsoddi kenndur. Á Hjarðarbóli stendur nú sumarbústaður, skammt norðan við oddann þar sem leið 1 kæmi til með að liggja. Aðeins virðist hafa verið búið að tveimur stöðum innarlega í firðinum. Hrafnkelsstaðir stóðu undir Lambahnúk í firðinum vestanverðum. Þeir fóru í eyði snemma á þessari öld. Þá var búið í Kolgrafaseli í Eyrarbotni innst í firðinum en búskapur þar lagðist endanlega af um síðustu aldamót. Af gróðurfari í Eyrarbotni sést að þar muni vera býsna snjóþungt auk þess sem há fjöll umkringja dalinn til suðurs þannig að sólar nýtur þar lítt. Eyrarbotn var lengst af afréttarland frá Eyri sem var höfuðból sveitarinnar en þar mun yfirleitt ekki hafa verið búið (Einar Haukur Kristjánsson 1986).

Þjóðvegurinn liggur nú inn um botn fjarðarins. Þegar farið er frá Grundarfirði til austurs liggur vegurinn upp Eiðssund, þar sem lægst ber milli fjallanna. Af Eiðssundi sér yfir fjörðinn, bæinn að Eiði næst og austan hans Eiðistapa, klettaborg sem liggur út í sjó. Kolgrafir eru beint á móti Eiði austan fjarðarins. Að vestanverðu ber mest á Lambahnúk innan til en Klakki í Framsveitinni. Kolgrafamúli afmarkar fjörðinn að austanverðu. Stuttur dalur, Hrafnkelsstaðabotn, liggur til suðvesturs nálægt botni fjarðarins og þar er ruslabrennsla og sorphaugar. Í Eyrarbotni þar sem núverandi vegur beygir til norðurs eru framræstar mýrar en annars er fjörðurinn innan til ósnortinn að sjá ef frá eru talin sorpbrennslan sem lítil prýði

er að. Í heild er Kolgrafafjörður vel gróinn og býr óneitanlega yfir mikilli náttúrufegurð þótt sumum finnist botninn líklega heldur dimmur og þungbúinn.

## Framkvæmd

Veglínurnar voru gengnar dagana 17. – 19. júlí 1999. Þá var búið að stíka leiðina svo auðvelt var að fylgja henni. Stuðst var við loftmyndir frá Vegagerðinni sem veglínurnar höfðu verið teiknaðar inn á. Reynt var að skrá allar háplöntutegundir á um 10 m belti við línuna. Gróðurlendum var lýst og þau flokkuð gróflega. Við leið 1 voru auk þess leitaðar uppi tjarnir og mógrafir á svæðinu og gróður í þeim kannaður sérstaklega.

Fyrir nafngiftir plantna var stuðst við Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar (1986). Til hliðsjónar var einnig höfð grein Eyþórs Einarssonar (1986) um gróðurfar á Snæfellsnesi sem birtist í Árbók Ferðafélags Íslands og rit Steindórs Steindórssonar (1964) um gróður á Íslandi. Aftast er listi yfir þær tegundir háplantna sem fundust (Tafla 1).

## Niðurstöður

### Leið 1

Þessi leið liggur ekki inn Kolgrafafjörð eins og núverandi þjóðvegur heldur fer hún út fjörðinn og yfir hann á uppfyllingum og brú þar sem mjóst er milli Hjarðarbólsodda og Kolgrafaodda (sjá kort 1, bls. 15). Leiðin sveigir frá þjóðveginum Grundarfjarðarmegin á Eiðssundi, rétt áður en sér yfir í Kolgrafafjörð. Hún liggur fyrst framhjá gamalli efnisnámu, síðan um framræstar mýrar og við efstu tún á bænum Eiði. Þá tekur við um 2 km langur kafli samhliða sjónum og liggur hann í 20 – 30 m hæð í hlíðum Klakks. Þarna er vegur fyrir og hægt að aka fyrir Eyrarfjall og inn í Grundarfjörð. Nýja leiðin liggur nokkuð neðar en þessi vegur, um 250 m frá sjónum. Hún sveigir síðan til austurs niður að sléttri malareyri, Hjarðarbólsodda. Hinum megin fjarðarins er komið inn á annan tanga, Kolgrafaodda, sem liggur gegnt Hjarðarbólsodda, síðan yfir Hóp austan oddans, og þá aftur á land. Vegurinn liggur áfram til austurs um framræstar mýrar og tún frá bænum Berserkseyri ytri. Beint neðan við bæinn kemur nýja leiðin aftur inn á þjóðveginn.

Leiðinni má því skipta í tvennt. Annars vegar er ca 4 km kafli út með Kolgrafafirði vestanverðum. Austanmegin er 2 km kafli en það er aðeins síðasti kílómetrin sem liggur um algróið land.

## 1.1. Frá Hjarðarbólsodda að Eiðssundi

### Lýsing

Eftirfarandi er lýsing á gróðurfari eftir vegstæðinu endilöngu og vísa tölurnar til mælistika Vegagerðarinnar (sjá kort 1 bls. 15). Byrjað er við Hjarðarbólsodda og haldið til suðsuðvesturs. Latneskra tegundaheita er getið í Töflu 1.

- 4800 - 5000 m Fremsti hluti Hjarðarbólsodda er gróðurlítill mól. Samfelldur gróður er blettóttur en mest bar á lágarfa sem óx dreift um allan tangann. Aðrar algengar tegundir voru vegarfi, geldingahnappur og túnvingull.
- 5000 - 5400 m Graslendi með tágamuru. Algengustu grastegundir voru hálingresi, titulíngresi, túnvingull og ilmreyr. Auk grasanna var vallhæra áberandi.
- 5400 m Hér klifrar leiðin upp brekku af Hjarðarbólsodda og tekur stefnu til suðurs eftir hliðum Klakks.
- 5400 - 5900 m Fyrst eru þýfðir og þurrir grasmóar. Algengustu tegundir voru ilmreyr, hálingresi, titulíngresi, túnvingull, vallhæra og krækilyng en gamburmosi var áberandi á þúfnakollum. Landið verður síðan smám saman deigara og við taka mýrastör, hrossanál, finnungur og toppar með mýrafinnungi.
- 5900 - 6300 m Mýri. Algengustu tegundir voru klófifa, tjarnastör, mýrafinnungur og mýrastör, einnig myndaði vetrakvíðastör sums staðar bletti. Aðrar áberandi tegundir voru bláberjalyng, krækilyng og kornsúra.
- 6300 - 6600 m Hér skiptust á grasmóar og mýri með rikjandi klófifu eða mýrastör. Þurrlendið var ekki algróið heldur stóðu uppúr lítt gróin melholt.
- 6600 – 6800 m Deigt graslendi, fyrst með votlendisblettum þar sem gulstör og hálmgresi voru áberandi. Annars var bugðupunktur rikjandi með hálingresi og vallhæru en finnungur sums staðar.
- 6800 – 6900 m Mýri með klófifu og tjarnastör.
- 6900 – 7300 m Þarna er hliðin brattari og líklega meira áveðurs. Landið var heldur ekki eins vel gróið og innar með hliðinni, og skiptust á melar og krækilyngs- og grasmóar.
- 7300 m Girðing og handan hennar tekur við tún sem hafði verið slegið þegar svæðið var gengið.
- 7300 – 7900 m Nýja leiðin fer fyrst þvert yfir veginn sem fyrir er og síðan yfir land sem var óslegið þegar svæðið var gengið en í það hafði verið sáð vallarsveifgrasi. Þá liggur leiðin niður í bratt gil og þegar komið er upp úr því tekur við bitinn úthagi á framræstri mýri.
- 7900 – 8250 m Handan bithagans taka við tún sem einnig eru á framræstri mýri.

8300 – 8450 m Þarna er lægð í landinu og myndast þar lítið votlendi. Lífrænn jarðvegur var þunnur og skein í grjót og mel á milli. Líklega er þetta land að gróa upp. Algengustu tegundir voru mýrastör, stinnastör, hálmgresi, fjallapuntur og hrossanál.

8450 – 9000 m Síðan kemur brekka upp að opinni efnisnámu. Handan hennar var gisið og kalið graslendi á þunnri jarðvegsskán, líklega gömul sáning sem ekki er lengur borið á. Leið 1 tengist svo núverandi þjóðvegi.

### *Samantekt*

Þessum hluta leiðarinnar má skipta í 3 kafla; 1) Hjarðarbólsodda (0,6 km), 2) hliðar Klakks (um 2 km) og svo 3) tún og bithaga Eiðis, ásamt röskuðu landi á Eiðssundi (1,4 km).

*Hjarðarbólsoddi* er allstór malartangi, lítt gróinn fremst en algróinn innar og þar liggur veglínan um graslendi með tágamuru (1. mynd). Innst á tanganum eru nokkrar tjarnir. Sjór



1. mynd. Horft úr hliðum Klakks til austurs yfir Kolgrafafjörð. Til hægri sést í Kolgrafamúla og í bæinn á Kolgröfum. Utan og fjær eru fjöll vestan Hraunsfjarðar. Hjarðarbólsoddi og Kolgrafaoddi sjást sem ljósir tangar sem ganga út í fjörðinn hvoru megin.

Ljós. ÞEP júlí 1999

flæðir væntanlega inn í stærstu tjörnina og er hún grýtt í botninn og gróðurlítill nema innst. Úr stóru tjörninni hlykkjast smærri vatnsvegir og tjarnir og þar uxu m.a. þráðnykra, lónasóley, síkjabruða, hnúðsef og lækjadepla. Vegurinn færi norðan við þessar smátjarnir.

*Hlíðar Klakks.* Um helmingur leiðarinnar liggur samhliða sjónum neðst í hlíðum Klakks (2. mynd). Þetta land er að mestu vel gróið og skiptast á þurrlendi og votlendi. Þurrlendið er vel grónir gras- eða lyngmóar, en upp úr standa hálf eða litt gróin melholt. Gróflega áætlað er tæplega helmingur leiðarinnar mýri eða deiglendi en rúmlega helmingur þurrlendi. Gróðurinn ber skýr merki þess að vera nálægt sjó og á fremur snjópungu svæði.

Milli fyrirhugaðrar veglínu og núverandi vegar eru fáeinar tjarnir og nokkrar gamlar mógrafir, sumar talsvert stórar. Slíkar mógrafir jafnast smám saman út, hlíðar þeirra síga og hæðarmunur milli þeirra og mýrarinnar umhverfis minnkar. Vatn stóð mishátt í þessum mógröfum sl. sumar og stundum sá aðeins í vatn þar sem dýpst var. Í mógröfunum fundust m.a. síkjabruða, síkjamari, lófótur, fjallnykra og mógrafabrusi.



2. mynd. Horft inn eftir hlíðum Klakks til suðurs. Efst sér í núverandi slóða að Hjarðarbóli. Til hægri ber mest á Lambahnúk en að baki hans er Hrafnkelsstaðabotn. Vinstra megin sér inn í Eyrarbotn og hægra megin við hann í Gunnungsfell.

ljósm. ÞEP júlí 1999

*Frá Eiði yfir Eiðssundi.* Þessi kafli liggur að mestu um nytjaland (tún og beitiland). Síðasti kaflinn er að mestu á röskuðu landi og lítið um hann að segja.

### *Flóra*

Alls voru skráðar á leiðinni 104 tegundir, eða tæplega fjórðungur allrar íslensku háplöntuflórunnar. Þetta telst talsvert hátt á ekki lengri kafla, einkum þegar það er haft í huga að hér var aðeins um að ræða þröngt hæðarbil. Svæðið er því nokkuð auðugt af tegundum. Engar háplöntur á valista eða sjaldgæfar tegundir fundust á leiðinni.

### *Gróður*

Gróðurfarslega flokkast votlendið sem hallamýri. Mýrafinningur er áberandi en hann er fyrst og fremst nálægt sjó í útsveitum og helst þar sem snjóþungt er. Finnungur og bugðupunktur gefa enn fremur visbendingu um þung snjóalög. Ekki er hægt að segja að svæðið hafi sérstöðu gróðurfarslega né heldur að búsvæði séu þar fjölbreytt. Þó má nefna mógrafirnar en þær eru allar talsvert ofan við fyrirhugaðan veg og flóra þeirra var fremur fátækleg. Gildi svæðisins liggur fyrst og fremst í því að þarna er um að ræða stórt heillegt land sem er nánast óraskað ef frá er talinn slóðinn sem áður var nefndur en hann liggur ofar og á mörkum skriðurunninna og brattra hlíða Klakks og mýrlendisins sem við tekur í minni halla undir skriðunum.

## **1.2. Frá Berserkseyri að Kolgrafaodda**

### *Lýsing*

1800 – 2700 m Tún frá Berserkseyri að undanskildum litlum óræktarmóa.

2700 – 2800 m Þegar túnunum sleppir tekur við framræst graslandi með skurðum, á köflum stórþýft. Þarna var sums staðar kafgresi. Ríkjandi tegund var hálingresi en önnur algeng grös voru túnvingull, vallarsveifgras, bugðupunktur og ilmreyr. Aðrar tegundir voru m.a. túnsúra, vegarfi og túnfífill.

2800 – 2900 m Deiglendi eða mýri með hálmgresi, hrossanál, mýrfjólu og blettum með mýrafinningi og gulstör.

2900 – 3000 m Stórþýfðir móar með áberandi finnungi. Aðrar algengar tegundir voru titulíngresi, bugðupunktur, túnvingull og móasef.

3000 – 3950 m Rétt ofan við fjöruna var mýrablettur með mýrafinningi, tjarnastör, klóffu, gulstör og mýrastör, en trefjasóley og horblöðku í pollum. Þá kemur fjaran og síðan sjór (Hóp) að Kolgrafaodda. Þar sem vegurinn færir yfir oddann er hann aðeins um 200 m breiður og vaxinn snöggu graslandi með túnvingli og tágamuru.



### *Samantekt*

Landinu hallar hér til norðurs niður að sjó. Gert er ráð fyrir að leið 1 liggji neðan við núverandi þjóðveg og sveigi frá honum rétt neðan við bæinn á Berserkseyri ytri (3. mynd). Nýja vegstæðið liggur hér að mestu um tún og beitiland frá Berserkseyri. Túnin hafa verið ræktuð á framræstri mýri á láglandsspildu sem myndast neðan við Kolgrafamúla.

Út frá náttúruverndarsjónarmiði eru hér ekki hagsmunir í húfi en ljóst er að vegurinn myndi kljúfa vel ræktað land að endilöngu og skilja eftir mjóa skák milli núverandi og fyrirhugaðs vegar. Leiðin myndi því rýra umtalsvert aðalnytjaland bæjarins.



3. mynd. Kolgrafamúli sést handan fjarðarins og undir honum bærinn að Kolgröfum. Til vinstri er tanginn sem tún bæjarins Berserkseyrar ytri eru á.

Ijósm. ÞEP júlí 1999

## Leið 2

Leið 2 fylgir núverandi þjóðvegi inn fjörðinn en stytir leiðina með því að fara yfir botn hans (4. mynd). Leiðin var skoðuð á þremur stöðum; 1) austanmegin fjarðarins þar sem hún sveigir niður í fjöru (6500 – 7200 m), 2) þar sem hún kemur aftur á land og upp á gamla veginn (ca 8500 m eða 10000 m ef miðað er við fjarlægðartölur á leið 3 eins og hér er gert) og loks 3) aðeins norðar þar sem nýja leiðin liggur örlítið austar en þjóðvegurinn gerir nú (ca 10200 – 10800 m skv. gulu línunni, sjá kort 1, bls. 15).



4. mynd. Séð frá Eyrarbotni til norðurs eftir Kolgrafamúla. Fuglatangi sést teygja sig út í sjó hægra megin og rétt utan við hann fer leið 2 yfir fjörðinn.

Ijósm. ÞEP júlí 1999

### Lýsing

6600 – 6700 m Hér er stutt niður að sjó og liggur leiðin að hluta yfir aurkeilu. Rétt þar sem nýja leiðin sveigir niður af þjóðveginum er votlendi, mest ofan vegarins en einnig dálítið neðan hans. Þar fannst stór sem erfitt reyndist að greina.

- 6700 – 7100 m Gisið valllendi með miklum mosa og deigum blettum á milli. Jarðvegur þunnur en mól undir. Líklega er þetta svæði að gróa upp. Helstu tegundir voru titulíngresi, ljónslappi, blávingull, túnvingull og vallhæra. Á milli voru blettir með móasefi og stinnastör. Nær sjónum og sunnar varð landið að mosapembu. Í gegnum svæðið liggur gömul slóð.
- 10000–10100 m Þar sem leiðir 2 og 3 greinast frá núverandi leið liggur rani út frá Gunnungsfelli (Gunnólfsfelli). Þar var fyrst komið inn á krækilyngsmóa með áberandi ljónslappa og kornsúru. Þarna fundust tæplega 30 háplöntutegundir, m.a. mariústakkur, vallhæra, blóðberg, grasvíðir, finnungur, titulíngresi, bugðupunktur, aðalbláberjalyng, hvítmaðra, lokasjóður, stinnastör, gullmura, túnvingull og blávingull, skarífifill og bugðupunktur.
- 10100-10900 m Hér er komið inn í Hrafnkelsstaðabotn. Leiðir 2 og 3 sveigja þá niður í fjöru og yfir botninn nálægt sjónum. Þær liggja samhliða skv. korti 1 (bls. 15) og er fjallað um þær í einu lagi. Fyrst koma áreyrar Hrafnár, en síðan nokkuð vel grónar fitjar. Algengustu tegundir voru túnvingull, skriðlíngresi, skarfakál og lágarfi. Aðrar tegundir voru m.a. haugarfi, hálíngresi, geldingahnappur, skammkrækill, kornsúra og vallarsveifgras. Handan fitjanna tók við graslendi, víða mjög vel gróið. Sums staðar var geldingahnappur áberandi og ríkjandi á blettum. Annars voru helstu tegundir hálíngresi, bugðupunktur, vallarsveifgras, blávingull, stinnastör og vallhæra. Aðrar algengar tegundir voru m.a. vegarfi, músareyra, móasef og túnsúra. Leiðin liggur að lokum upp úr Hrafnkelsstaðabotni og inn á núverandi þjóðveg.

### Samantekt


Nýja leiðin fylgir núverandi þjóðvegi að mestu en fer þvert yfir botn Kolgrafafjarðar. Nýtt vegstæði er á tveimur stuttum köflum (ca 0,5 og ca 0,9 km). Í Hrafnkelsstaðabotni færi vegurinn yfir vel grónar fitjar og graslendi en í heild er ekki hægt að segja að hér séu teljandi verndarhagsmunir í húfi.

Á bletti þar sem leið 2 sveigir út af núverandi þjóðvegi austan fjarðarins (við 6600 m stiku á korti) fannst stór sem ekki reyndist unnt að greina. Hún líktist mest blátoppastör (*Carex curta*) eða línstör (*Carex brunnescens*) en var ólík þeim m.a. vegna þess að blómstráid var mjög stutt og alltaf miklu styttra en blöðin. Blátoppastör er algeng á láglandi um mest allt land. Línstör er sjaldgæf og hefur ekki fundist á Snæfellsnesi. Næstu þekktu vaxtarstaðir eru í Flatey á Breiðafirði og tveir fundarstaðir í Borgarfjarðarsýslu (Hörður Kristinsson 1998). Blátoppastör og línstör geta myndað kynblending saman og þekktir eru kynblendingar línstarar og ýmissa annarra stara, t.d. sérbylisstarar (*C. dioeca*) og rjúpastarar (*C. lachenalii*, sjá t.d. Lid 1979). Ekki er ólíklegt að þessi stör sé einnig kynblendingur. Hún óx í þéttum þúfum með mikilli sinu. Neðan við núverandi þjóðveg og á leið 2 voru tvær slíkar þúfur en ofan vegarins miklu fleiri og skiptu þær einhverjum tugum. Ofan vegarins var störin í mýrablettum og deiglendi þar sem einnig uxu hrafnaklukka, hálmgresi, flóastör, krækilyng, grasvíðir og fleiri tegundir. Eins og áður sagði fundust tvær þúfur þar sem leið 2 fer yfir en aðalstofninn var ofan núverandi þjóðvegur og leið 2 myndi færa veginn fjær þeim vaxtarstað.

Ef ákvörðun verður tekin um að fara leið 2 skyldi gæta þess að eyðileggja ekki staðinn en það ætti að vera hægt með lítilli fyrirhöfn.

### Leið 3

Leið 3 fylgir að mestu núverandi þjóðvegi alla leið en vegstæði er hnikað til á tveimur stöðum. Þegar hefur verið fjallað um kaflann vestan megin í firðinum í Hrafnkelsstaðabotni (10100 – 10900 m, sjá um leið 2). Hins vegar er vegurinn stytur lítillega innst í botninum að austanverðu þar sem leiðin liggur utar (nær sjónum) en núverandi vegur (5. mynd).



5. mynd. Leið 3 liggur að mestu eins og núverandi þjóðvegur en sveigir til hægri út frá beygjunni sem hér sést í Eyrarbotni. Slýá sést á miðri mynd. Hægra megin leggur reyk frá sorpbrennslunni í Hrafnkelsstaðabotni.

Ijósm. ÞEP júlí 1999

## Lýsing

7200 – 8500 m Hér flokkast landið ýmist sem gisið graslendi með miklum mosa eða sem mosapamba. Helstu tegundir í graslendinu voru titulingresi, túnvingull, vallhæra, ljónslappi, móasef og gulmaðra, einnig krækilyng, blóðberg, lambagras, stinnastör, kornsúra, gullmura, grasvíðir, geldingahnappur og þursaskegg. Síðan er farið yfir Slýá sem breiðir úr á eyrunum og er þá komið næstum niður í fjöru. Handan eyranna var hálfdeigja og litill mýrarfláki með hrossanál, þráðsefi, mýrasefi, mýradúnurt, flóastör, blátoppastör, finnungi, hálmgresi og tjarnastör. Leiðin sameinast aftur núverandi þjóðvegi í Eyrarbotni, rétt vestan við Slýá.

## Samantekt

Það land sem nýi vegurinn færir yfir á þessum kafla er gróið utan Slýáreyra. Háplöntuþekja er þó víða gisin. Svæðið telst ekki hafa sérstöðu hvað varðar flóru eða gróður.


## Ályktanir

Leiðir 2 og 3 fela í sér tiltölulega litlar breytingar frá núverandi þjóðvegi. Þær fara ekki yfir land sem telja má að hafi náttúruverndargildi eða njóti annarrar sérstöðu vegna gróðurfars. Ef leið 2 verður valin ætti að gæta þess að eyðileggja ekki vaxtarstað ógreindrar starar sem þar fannst. Leiðin kæmi hins vegar til með að færa þjóðveginn fjær aðalsvaxtarstaðnum og sé farið varlega ættu framkvæmdir ekki að þurfa að hafa áhrif á stofninn.

Leið 1 liggur á um 2 km kafla eftir vel grónu landi þar sem skiptast á mýrar og gras- og lyngmóar. Svæðið er nokkuð tegundaauðugt en þar fundust ekki sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista. Gróðurfar er dæmigert fyrir land nærri sjó og fremur snjóþung svæði. Hvað búsvæði varðar telst svæðið ekki hafa sérstöðu vegna fjölbreytni. Á hinn bóginn er nú svo komið að á láglandi er nú víðast hvar litið eftir af öröskuðum hallamýrum (Hlynur Óskarsson 1998, Þóra Ellen Þórhallsdóttir o.fl. 1998) en þær höfðu áður langmesta útbreiðslu af meginflokkum íslensks votlendis. Votlendið sem leið 2 fer um flokkast sem hallamýri. Ekki er um að ræða stórt samfellt mýrlendi heldur mósaík þar sem skiptast á blautir, deigir og þurrir blettir. Gildi svæðisins liggur fyrst og fremst í því að þarna er um að ræða stórt og jafnframt lítt raskað og að mestu vel gróið land. Mýrlendið hefur ekki verið ræst fram og einu ummerki um framkvæmdir eru gamlar mógrafir. Vegurinn sem fyrir er liggur ofan við þetta land eða efst í því þar sem það mætir skriðum Klakks. Kolgrafafjörður ber í heild lítill merki um ræktun eða umsvif mannsins og er mun ósnortnari landslagsheild en nálægir firðir sem allir bera meiri merki ræktunar og röskunar, t.d. framræslu. Hraunfirði, sem frá náttúrunnar hendi býr yfir sérstæðu landslagi og óvenjulegri náttúruvegurð, hefur t.d. verið umbýlt.

## Heimildir

- Einar Haukur Kristjánsson 1986. Snæfellsnes norðan fjalla. Árbók Ferðafélags Íslands 1986. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Eyþór Einarsson 1986. Gróðurfar á Snæfellsnesi. Bls. 173-213 í Snæfellsnes norðan fjalla. Árbók Ferðafélags Íslands 1986. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- Hlynur Óskarsson 1998. Framræsla votlendis á Vesturlandi. Bls. 121-129 í: Íslensk votlendi, verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Hörður Kristinsson 1998. Drög að útbreiðslukortum íslenskra blómplantna og byrkninga. Handrit. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur, Akureyri.
- Lid, J. 1979. Norsk og Svensk Flora. Det Norske Samlaget, Oslo.
- Steindór Steindórsson 1964. Gróður á Íslandi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Jóhann Þórsson, Svafa Sigurðardóttir, Kristín Svavarsdóttir og Magnús H. Jóhannsson 1998. Röskun votlendis á Suðurlandi. Bls. 131-142 í: Íslensk votlendi, verndun og nýting (ritstj. Jón S. Ólafsson). Háskólaútgáfan, Reykjavík.



**BERSERKSEYRI - VINDÁS**

Leið 1, st. 1800 - 9050 - 7,25 km

Leið 2, st. 1800 - 13780 - 11,98 km

Leið 3, st. 1800 - 15250 - 13,45 km

+ N=497.000  
+ A=303.000

Verkefni: ABCD.DGN  
Landmælingar: Vegagerðin  
Hnitakerfi: ÍSNET93, Háðarkerfi Meðalsjór í Grundarfrði  
Myndmæling: Ísgraf ehf. 1997 eftir loftmyndum frá ágúst 1997  
Flughæð 1800 m. Móskestærð 10x10 m  
Kortagerð: Vegagerðin, Mars 98. HSH

					Snæfellsnesvegur Berserkseyri - Vindás		57-09/10	
			MELIKV.	Hannað			Grunnmynd	
			1:12500	Teikn.			Stöðvarnúmer	
				Yfirf.			1/1	
				Samþ.				
Dags.	Breyting	Breytt af						

**Tafla 1.**

Háplöntutegundir fundnar við fyrirhugaðar veglínur. Nafngiftir fylgja Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar (1986).

íslenskt heiti	latneskt heiti	leið 1	leið 2	leið 3
hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>	x	x	x
skriðlingresi	<i>Agrostis stolonifera</i>	x	x	x
títulingresi	<i>Agrostis vinealis</i>	x	x	x
ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	x	x	x
mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	x	x	x
ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>	x		
ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	x	x	x
skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>			x
skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>			x
geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	x	x	x
hrímblaðka	<i>Atriplex longipes</i>	x		
smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	x		x
kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	x	x	x
tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>	x		x
hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>	x	x	x
síkjabrúða	<i>Callitriche hamulata</i>	x*, **		
hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>	x	x	
melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>	x	x	x
ógreind stór	<i>Carex sp</i>		x	
stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	x	x	x
blátoppastör	<i>Carex curta</i>	x		x
hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>	x		
vetrarkviðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>	x		
flóastör	<i>Carex limosa</i>	x	x	x
gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>	x		
bjúgstör	<i>Carex maritima</i>		x	x
broddastör	<i>Carex microglochin</i>	x		
mýrastör	<i>Carex nigra</i>	x	x	x
belgjastör	<i>Carex panicea</i>	x		
hengistör	<i>Carex rariflora</i>	x		
tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	x		x
músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	x	x	x
lækjarfræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>	x		
vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>	x	x	x
skarfkál	<i>Cochlearia officinalis</i>		x	x
fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	x	x	x
bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>	x	x	x
holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	x		



íslenskt heiti	latneskt heiti	leið 1	leið 2	leið 3
vætuskúfur	<i>Eleocharis palustris</i>	x		
krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	x	x	x
lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>	x		
fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>	x		
mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>	x		x
klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	x		x
vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>	x		
jakobsfifill	<i>Erigeron borealis</i>	x		
klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	x	x	x
augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>		x	
túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>	x	x	x
blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x	x	x
mjaðjurt	<i>Filipendula ulmaria</i>	x		
hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>	x	x	x
gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x	x	x
undafifill	<i>Hieracium sp</i>	x		
lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>	x **		
mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>	x		
hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>	x	x	x
blómsef	<i>Juncus biglumis</i>	x	x	
hnúðsef	<i>Juncus bulbosus</i>	x		
þráðsef	<i>Juncus filiformis</i>	x		x
móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x	x	x
flagasef	<i>Juncus biglumis</i>	x		
þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>			x
naflagras	<i>Koenigia islandica</i>	x	x	
skarífifill	<i>Leontodon autumnalis</i>	x	x	x
vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	x	x	x
axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x	x	x
horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>	x		
melanóra	<i>Minuartia rubella</i>	x		
lækjargrýta	<i>Montia fontana</i>	x		
síkjamarí	<i>Myriophyllum alterniflorum</i>	x **		
finnungur	<i>Nardus stricta</i>	x	x	x
ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	x		x
lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	x		x
kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	x	x	x
friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x		
blásveifgras	<i>Poa glauca</i>	x	x	
vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	x	x	x
fjallnykra	<i>Potamogeton alpinus</i>	x **		
þráðnykra	<i>Potamogeton filiformis</i>	x *		
tágamura	<i>Potentilla anserina</i>	x		
gullmura	<i>Potentilla cranzii</i>	x	x	x

íslenskt heiti	latneskt heiti	leið 1	leið 2	leið 3
engjarós	<i>Potentilla palustris</i>	x		x
brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x		x
trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>	x		
lónasóley	<i>Ranunculus trichophyllus</i>	x*		
lokaþjóður	<i>Rhinanthus minor</i>		x	x
túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	x	x	x
hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>	x		
skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>	x	x	x
grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	x	x	x
þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>		x	
mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>			x
stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>	x		x
helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>	x	x	
flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	x	x	x
mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>	x		
lambgras	<i>Silene acaulis</i>	x	x	x
holurt	<i>Silene maritima</i>	x		x
mógrafabrúsi	<i>Sparganium hyperboreum</i>	x**		
lágafí	<i>Stellaria humifusa</i>	x	x	x
haugarfí	<i>Stellaria media</i>	x	x	x
túnfífill	<i>Taraxacum sp</i>	x	x	x
brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>	x	x	x
blóðberg	<i>Thymus arcticus</i>	x	x	x
sýkigrass	<i>Tofieldia pusilla</i>	x	x	x
mýrafínnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>	x		
mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustris</i>	x	x	
aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	x	x	x
bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x		x
hárdepla	<i>Veronica officinalis</i>	x		
lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	x		
týsfjóla	<i>Viola canina</i>	x		
mýrfjóla	<i>Viola palustris</i>	x	x	x
	<b>tegundir háplantna alls</b>	<b>104</b>	<b>57</b>	<b>65</b>

\* tegundir eingöngu fundnar í tjörn innst á Hjarðarbólsodda

\*\* tegundir eingöngu fundnar í gömlum mógröfum milli núverandi vegar og fyrirhugaðs vegstæðis undir Klakki

FJÖLRIT LÍFFRÆÐISTOFNUNAR

1. Agnar Ingólfsson, Arnþór Garðarsson og Sveinn Ingvarsson. 1972. *Botndýralíf í Akureyrarpólli, könnun í marz 1972.*
2. Arnþór Garðarsson, Jónbjörn Pálsson og Agnar Ingólfsson. 1974. *Könnun og kortlagning lífríkis í suðurhluta Leiruvogs nærri Reykjavík.*
3. Agnar Ingólfsson og Svend-Aage Malmberg. 1974. *Vistfræðilegar rannsóknir í Hvalfirði, Borgarfirði og Hraunfirði. Yfirlitsskýrsla.*
4. Agnar Ingólfsson og Arnþór Garðarsson. 1975. *Forkönnun á lífríki Laxárvogs, Álftafjarðar og Önundarfjarðar.*
5. Agnar Ingólfsson og Jón Gunnar Ottósson. 1975. *Rannsóknir á umferð fugla við Keflavíkurflugvöll.*
6. Sveinn Ingvarsson. 1976. *Skýrsla um gagnasöfnun vegna hugsanlegrar mengunar af völdum járnblendiverksmiðju.*
7. Arnþór Garðarsson, Agnar Ingólfsson og Jón Eldon. 1976. *Lokaskýrsla um rannsóknir á óshólmasvæði Eyjafjarðarár 1974 og 1975.*
8. Agnar Ingólfsson. 1976. *Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Þorskaðfjarðar, Djúpaðfjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða.*
9. Arnþór Garðarsson og Kristín Aðalsteinsdóttir. 1977. *Rannsóknir í Skerjafirði. I. Botndýralíf.*
10. Agnar Ingólfsson. 1977. *Rannsóknir í Skerjafirði. II. Lífríki fjöru.*
11. Agnar Ingólfsson. 1978. *Greiningarlykill yfir stókrabba (Malacostraca) í fjörum.*
12. Arnþór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. *Rannsóknir í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979. Fuglar og fjörur.*
13. Agnar Ingólfsson, Anna Kjartansdóttir og Arnþór Garðarsson. 1980. *Athuganir á fuglum og smádýralífi í Skarðsfirði.*
14. Kristín Aðalsteinsdóttir og Arnþór Garðarsson. 1980. *Botndýralíf í Hvalfirði.*
15. Agnar Ingólfsson og Árni Einarsson. 1980. *Forkönnun á lífríki Nýpslóns og Skógalóns við Vopnaðfjörð.*
16. Agnar Ingólfsson og Guðmundur Víðir Helgason. 1982. *Athuganir á lífríki Skógalóns við Vopnaðfjörð.*
17. Hörður Kristinsson, Bergþór Jóhannsson og Eyþór Einarsson. 1983. *Grasafræðirannsóknir við Hvalfjörð.*
18. Gísli Már Gíslason. 1983. *Könnun á dýralífi í Eiðisvatni, Borgarfjarðarsýslu.*
19. Jón Eldon. 1983. *Pungmálmar í mosa, jarðvegi og regnvatni í nágrenni Grundartanga 1978 og 1979.*
20. Guðni Á. Alfreðsson, Jakob K. Kristjánsson og Guðmundur Eggertsson. 1984. *Líftækni á Íslandi, kynning á líftæknilegri örverufræði og erfðatækni.*
21. Þóra Ellen Þórhallsdóttir. 1984. *Þjórsárver. Gróður og jarðvegur og áhrif Kvíslaveitu.*
22. Þóra Ellen Þórhallsdóttir. 1985. *Þjórsárver. Vistfræðirannsóknir 1984.*
23. Guðmundur A. Guðmundsson og Arnþór Garðarsson. 1986. *Fuglaathuganir í Dýrafirði 1985.*
24. Agnar Ingólfsson. 1986. *Fjörulíf í innanverðum Dýrafirði.*
25. Jörundur Svavarsson og Arnþór Garðarsson. 1986. *Botndýralíf í Dýrafirði.*
26. Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson. 1989. *Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar.*
27. Agnar Ingólfsson. 1990. *Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagryfjur í Straumsvík.*
- 27b. Agnar Ingólfsson. 1990. *A survey of intertidal organisms around dumping pits for pot linings at Straumsvík, southwestern Iceland.*
28. Jörundur Svavarsson. 1990. *Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumping pit for pot linings at Straumsvík, southwestern Iceland.*
29. Agnar Ingólfsson. 1990. *Athuganir á rauðbrýstingum í Gilsfirði í maí 1990.*
30. Guðmundur Víðir Helgason og Jörundur Svavarsson. 1991. *Botndýralíf í Þerneyjarsundi.*
31. Agnar Ingólfsson. 1991. *Athuganir á lífríki fjöru við Álfsnes.*